

Skólamenningarfundir 2019

Yngsta stig

1.bekkur

Nemendur í 1.bekk eru sammála um að það séu nokkrir nemendur sem eru vinalausir eða oft einir. Þeir ræða að sumir finni engan til að leika við og einhverjir nefna að stundum vilji maður bara vera einn. Til að bæta úr þessu leggja nemendur til að ef þeir verði varir við að einhver sé einn þá bjóði þeir honum að vera með, hjálpi honum og leiki við hann.

Nemendur eru hræddir við nokkra nemendur í skólanum. Í flestum tilfellum eru þetta sömu nemendur og þeir segja að séu vondir við aðra. Ástæðurnar fyrir þessu eru fyrst og fremst að þessir nemendur séu að stríða og meiða aðra. Í einstaka tilfellum eru þetta sömu nemendur og hópurnir upplifir að sé vinalaus eða verði fyrir einelti. Nemendur bregðast við þessum nemendum með því að hlaupa í burtu, segja frá, segja stopp, sækja kennara og gefa knús.

Fæstir hóparnir upplifðu að það væri einelti í Álfhólsskóla en þrír nemendur upplifa að þeir verði sjálfir fyrir einelti og segja frá stríðni. Þar að auki nefna nemendur tvo aðra nemendur sem verði fyrir einelti. Þeir lýsa því að viðkomandi nemendur séu mikið einir og stundum strítt. Nemendur segja að verði þeir vitni að einelti geti þeir brugðist við með því að hjálpa öðrum og bjóða að leika með. Ef þeir verða fyrir því sjálfir geti þeir sagt frá og labbað í burtu.

Til þess að verða betri vinir og bæta samskiptin í skólanum leggja nemendur til að allir geri sér far um að kynnast meira og kynnast nýjum vinum, hjálpa öðrum, vera góð við hvort annað, leyfa öðrum að vera með, skemmta sér saman, leika öll saman, vera kurteis og glöð, brosa og fara saman í leiki.

2.bekkur

Nemendur í 2.bekk nefna nokkra nemendur sem eru stundum einir í frímínútum og/eða eiga enga vini. Margir nefna nýjan erlendan nemenda sem hefur enn ekki náð tökum á tungumálinu. Sumir nefna nemanda sem þau upplifa að sé að meiða aðra og sé þess vegna oft einn. Þegar nemendur verða var við að einhver er einn eða vinalaus segjast þau bjóða viðkomandi að vera með, spyrja hvað er að og/eða aðstoða hann við að finna vini.

Nemendur í 2.bekk eru að mestu leyti sammála um að það séu nokkrir nemendur sem flestir eru hræddir við og upplifa að séu vondir við aðra. Þessir nemendur eru að meiða og hóta öðrum og hætta ekki þrátt fyrir að það sé búið að margræða við þá. Þegar þetta gerist reyna nemendur að segja hættu/stopp, segja frá og forða sér. Sumum finnst stundum erfitt að ráða við sig og eru þá vondir á móti. Nemendur eru almennt sammála um að það sé lítið um einelti í 2.bekk en einhverjir upplifa þó að þeir sjálfir eða einstaka nemendur séu út undan í hópnum. Þeir bregðast við því með því að reyna að hjálpa þeim og segja einhverjum fullorðnum frá. Nemendur eru með fullt af góðum hugmyndum um hvernig megi efla jákvæðan skólabrag og vináttu í Álfhólsskóla, t.d. hjálpa öðrum, leika saman, spyrja hvað er að, hjálpast að, vera góðir vinir, vera góð við

hvort annað, ekki beita ofbeldi eða meiða, ekki koma með vopn í skólann, tala meira saman, stoppa einelti, kynnast betur og eignast nýja vini.

3.bekkur

Flestir eiga góða vini í skólanum. Nemendur nefna þó nokkra nemendur sem eru oft einir og/eða eiga enga vini og segjast þá leggja sig fram við að bjóða viðkomandi að vera með. Nemendur í 3.bekk eru að mestu leyti sammála um að að þeir séu hræddir við nokkra nemendur sem þeir upplifa að séu oft vondir við aðra. Þeir beiti ofbeldi, meiði og séu dónalegir. Sumir séu stjórnsamir og baktali. Þegar þetta gerist segjast nemendur segja frá, ræða málin, reyna að hunsa þetta eða koma sér úr aðstæðum, en í einhverjum tilfellum bregðist þeir við í sömu mynt.

Nemendur eru almennt sammála um að það sé lítið um einelti í 3.bekk en einhverjir upplifa þó að þeir sjálfir eða einstaka nemendur séu út undan í hópnum. Þeir bregðast við því með því að reyna að hjálpa þeim og segja einhverjum fullorðnum frá. Nemendur eru með fullt af góðum hugmyndum um hvernig megi efla jákvæðan skólabrag og vináttu í Álfhólsskóla, t.d. grínast saman, leika saman, ekki tala illa um hvort annað, vanda sig betur, hjálpast að, fara í fallega leiki, halda bekkjarfundi og tala fallega.

4.bekkur

Flestir eiga góða vini í skólanum. Nemendur nefna þó nokkra nemendur sem eru oft einir og/eða eiga enga vini og segjast þá leggja sig fram við að bjóða viðkomandi að vera með, spyrja hvernig honum líður, segja frá eða hjálpa honum að finna vini sína. Nemendur í 4.bekk eru að mestu leyti sammála um að að þeir séu hræddir við nokkra nemendur sem þeir upplifa að séu oft vondir við aðra. Þeir beiti ofbeldi, meiði og séu dónalegir. Þegar þetta gerist segjast nemendur segja frá eða koma sér úr aðstæðum, en í einhverjum tilfellum bregðist þeir við í sömu mynt.

Nemendur eru almennt sammála um að það sé lítið um einelti í 4.bekk en einhverjir upplifa þó að þeir sjálfir eða einstaka nemendur séu út undan í hópnum. Þeir bregðast við því með því að reyna að hjálpa þeim og segja einhverjum fullorðnum frá. Nemendur eru með fullt af góðum hugmyndum um hvernig megi efla jákvæðan skólabrag og vináttu í Álfhólsskóla, t.d. leika við fleiri í frímínútum, skiptast á með boltann, vera skemmtilegur við alla, góður og jákvæður. Taka vel á móti nýjum nemendum, sýna virðingu, leyfa öllum að vera með, vera góður vinur, ræða málin á stofufundi, tala um traust, vináttu o.fl. ÖSE fulltrúar þurfa að vanda sig, vera dugleg, fara eftir fyrirmælum. Hugsa áður en maður gerir eitthvað, fara í hópleiki í frímínútum, ekki baktala, aðstoða hvert annað, leika við marga - ekki alltaf þá sömu, vera vinaleg hvert við annað og ekki skilja út undan.

5.bekkur

Almennt eru nemendur í 5.bekk sammála um að það sé góð skólamenning í Álfhólsskóla. Nemendum líður vel og finnst oftast gaman í skólanum, kennararnir eru góðir og skemmtilegir, flestir eiga vini og það er tekið vel á móti nýjum nemendum. Aftur á móti er stundum leiðinlegt í

skólanum, erfið samskipti og stríðni og vinnufriðurinn gæti oft verið betri. Nemendur upplifa að þeir geti treyst starfsfólki og hvort öðru og að maturinn sé almennt góður.

Nemendur í 5.bekk eru sammála um að þeir vilji ekki að skólamenningin einkennist af ofbeldi, einelti, vondum samskiptum, neikvæðni, leti og leiðindum. Þeir ræða að þeir vilji ekki að nemendur gangi illa um skólann sinn og nærumhverfið, allt sé í rusli og skemmdarverk unnin á eigum skólans.

Nemendur í 5.bekk koma með margar góðar hugmyndir um hvernig megi efla jákvæða skólamenningu. Allir voru sammála um að það mættu vera fleiri skemmtileg leiktæki á skólalóðinni. Nemendur lögðu til að þeir viðhefðu betri samskipti og vönduðu sig meira, að allir væru sanngjarnir á fótboltavellinum, færu eftir reglum og hlustuðu á kennarann. Þeir ræddu að þeir vilji fleiri bekkjarfundi, oftast hópverkefni og vinna meira með ípad. Nemendur voru líka sammála um að þeir vildu lengri frímínútur, þá sérstaklega frímínúturnar í kringum matartímann sem mættu vera lengri. Einnig vildu nemendur í 5.bekk hafa fleiri vinabekkjardaga, kósýdaga, sparínesti og spilastundir.

6.bekkur

Almennt eru nemendur í 6.bekk sammála um að það sé góð skólamenning í Álfhólsskóla. Nemendum líður vel og finnst oftast gaman í skólanum, kennararnir eru góðir og samskipti nemenda oftast góð. Sumir mættu aftur á móti vera kurteisari og vanda sig betur í samskiptum. Nemendur voru sammála um að flest vandamál mætti leysa tiltölulega auðveldlega með góðu samtali og það væri yfirleitt aldrei nein slagsmál eða átök. Nemendur upplifa að það sé ákveðinn rígur á milli bekkja og stundum sé smá vesen og drama. Þeir ræða að það mættu vera meiri samskipti á milli stelpna og stráka.

Nemendur í 6.bekk eru sammála um að þeir vilji ekki að skólamenningin einkennist af ofbeldi, einelti, vondum samskiptum og neikvæðni. Þeir ræða að þeir vilji ekki að nemendur séu óvirkir og of mikið í ípad. Þeir vilja heldur ekki að nemendur eða kennarar séu fúlir og neikvæðir.

Nemendur í 6.bekk koma með margar góðar hugmyndir um hvernig megi efla jákvæða skólamenningu, t.d. geti nemendur hjálpast meira að, verið hlýðnari og lagt sig meira fram við að fylgja skóla- og bekkjarreglum. Nemendur geti vandað sig betur í samskiptum, verið kurteisari og betri hver við annan. Nemendur í 6.bekk vilja fá fleiri bekkjar-, vínafundi og fundi eins og skólamenningarfundinna þar sem þeir fá tækifæri til að ræða samskiptin. Þeim finnst að það mætti vera meiri meðvitund um vallartölfuna og það vanti fleira starfsfólk á útivaktir. Þeir leggja áherslu á að þeir þurfi að læra betur á ípadinn og stundum þurfi kennarar að fylgjast betur með hvað nemendur eru að gera í ípadnum. Þá leggja nemendur áherslu á að nemendur beri virðingu fyrir öllum og sýni umburðarlyndi.

7.bekkur

Nemendur í 7.bekk eru almennt sammála um að það sé góð skólamenning í Álfhólsskóla. Þeir ræða að námið sé mjög fjölbreytt, verkefni spennandi og vel skipulögð, kennarar séu góðir,

beri virðingu fyrir nemendum og útskýri vel. Þeir ræða einnig að flestir eigi vini og almennt séu samskipti góð en það sé samt sem áður eitthvað um baktal. Flestum líði þó vel og þeim sem líður illa sé hjálpað. Maturinn er góður og góður andi í skólanum.

Nemendur í 7.bekk eru sammála um að þeir vilja ekki skólamenningin einkennist af ofbeldi, einelti, vondum samskiptum og neikvæðni. Þeir ræða að þeir vilji ekki of drama né að ekkert sé gert í vanlíðan nemenda.

Nemendur eru með margar góðar hugmyndir um hvernig megi efla jákvæða skólamenningu. Þeir ræða að þetta þurfi að vera samvinnuverkefni þar sem allir leggja sitt að mörkum t.d geti allir lagt sig fram við að vera hjálpsamari og kurteisari við aðra, nemendur bjóði öðrum að vera með og skilji engan út undan. Þeim finnst áriðandi að allir tali vel um skólann, nemendur og kennarar, innan og utan veggja skólans. Nemendur ræða mikilvægi þess að allir tali íslensku í skólanum og allir fylgi skóla- og bekkjarreglum, hlusti betur á kennara og komi með hugmyndir að skemmtilegum verkefnum. Nemendur leggja til að það séu fleiri ÖSE fundir, kennarar kenni nemendum námstækni, boðið sé upp á heimavinnutíma í skólanum, aukin sérkennsla, fleiri hópverkefni o.fl.

8.bekkur

Nemendur í 8.bekk eru almennt sammála um að skólamenningin sé með ágætum. Þeir tala um um maturinn sé góður, margir séu vinalegir, kennarar hlusti á nemendur og það sé tekið vel á móti nýjum nemendum. Almennt sé góð stemning og mórall í skólanum og félagsskapurinn skemmtilegur. Nemendur eru einnig sammála um að hegðun, framkoma og umgengni nemenda sé stundum ábótavant, of mikið sé af drama og gervislögum sem hafi neikvæð áhrif á samskipti nemenda. Einnig ræða sumir að námið sé krefjandi en gæti verið skemmtilegra og minni áhersla á bækur.

Nemendur í 8.bekk eru sammála um að þeir myndu ekki vilja að skólamenningin einkennist af einelti, vanlíðan, einmanaleika, ofbeldi, neikvæðum samskiptum og vanvirðingu.

Nemendur koma með margar góðar hugmyndir um hvernig megi efla jákvæðan skólabrag, t.d. með því að halda fleiri bekkjarfundi, vinna oftast saman í hópverkefnum og hafa fleiri bekkjarkvöld. Einnig ræða nemendur þörf á því að bæta samskipti, hætta gervislögum, bæta talsmáttan, vera almennt umburðarlyndari og tillitsamari, sýna öðrum meiri virðingu og vera góð hvert við annað. Sumir nefna að þeir upplifi kvíða í tengslum við heimanám og próf og vilja draga úr þessum álagsþáttum í skólalastarfinu. Þá kemur fram að námið gæti verið skemmtilegra, skólalagurinn styttri og meiri frjáls tími í leik, innan og utan skólans.

9.bekkur

Nemendur í 9.bekk eru almennt sammála um að skólamenningin í Álfhólsskóla sé góð og andrúmsloftið jákvætt. Almennt séu samskipti góð, kennurum láti sig nemendur varða. Námið þykir mis skemmtilegt og heimanám of mikið en það er mikil fjölbreytni í vali og félagsskapurinn góður. Ánægja er með PEGASUS, kokkinn og matinn. Nemendum finnst tekið vel á móti nýjum

nemendum og hugað vel að þeim sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Nemendur eiga flestir góða vini og enginn skilinn útundan en þó upplifa sumir að það sé klíkuskapur í árganginum. Sumir nefna að það séu ekki alltaf mjög góð samskipti á milli árganga og upplifa að sumir í 10.bekk komi fram við þá með dónaskap.

Nemendur í 9.bekk eru sammála um að þeir myndu ekki vilja að skólamenningin einkennist af einelti, vanlíðan, einmanaleika, ofbeldi, neikvæðum samskiptum og vanvirðingu.

Nemendur eru með margar góðar hugmyndir um hvernig megi efla jákvæða skólamenningu, t.d. Mætti efla samskipti innan hópsins með árgangakvöldum og fleiri skólaferðalögum. Rætt er mikilvægi þess að vera góð við hvert annað, bera virðingu fyrir öllum og vera jákvæð. Nemendur hafa margir þörf fyrir að rætt sé oftast við þau um líðan nemenda. Þeir vilja aukið nemendalýðræði, t.d. Með kosningum um málefni nemenda, þeir upplifa að skiladagar raðist of oft á sama tíma og sakna hópaskiptingu í stærðfræði og íslensku.

10.bekkur

Nemendur í 10.bekk eru almennt sammála um að skólamenningin í Álfhólsskóla sé góð og andrúmsloftið oftast gott. Flestir eigi vini, allir geti talað við alla og vel tekið á móti nýjum nemendum. Aftur á móti sé mikil klíkumyndun og erfitt fyrir nemendur að komast inn í hópinn. Sumir gagnrýna aðra nemendur sem veldur því að það þora ekki allir að vera þeir sjálfir og segja sína skoðun. Nemendum finnst kennararnir góðir og segja þá skapa góða orku. Hóparnir séu aftur á móti stórir og því sé stundum erfitt að fá aðstoð við námið.

Nemendur í 10.bekk eru sammála um að þeir myndu ekki vilja að skólamenningin einkennist af einelti, vanlíðan, einmanaleika, ofbeldi, neikvæðni og vanvirðingu. Einhverjum finnst hæfnimiðað nám of flókið og telja það hafa neikvæð áhrif á skólamenninguna.

Nemendur eru með margar góðar hugmyndir um hvernig megi efla jákvæða skólamenningu, t.d. Eru allir sammála um að nemendur gætu almennt gert sér far um að vera jákvæðari, það mættu allir sem dæmi gera sér far um að hrósa meira. Nemendur í 10.bekk vilja að það sé meira hópefli fyrir þá sem árgangur og telja þörf á að nemendur komi almennt betur fram við hvort annað og séu opnari fyrir öðrum. Þá finnst sumum að fókusinn í 10.bekk ætti að vera á "aðalfögin" en aðrir vilja meiri fjölbreyttni í námi og meira val. Sumum þykir þörf á að viðhafa betri vinnufrið og ró á göngunum og að almennt gætu nemendur fylgt skólareglunum betur. Þá finnst nemendum nauðsynlegt að leitað sé oftast eftir röddum nemenda og tekið mark á þeim.